

Starfsáætlun 2021-2022

Skólahljómsveit Grafarvogs



Einar Jónsson, hljómsveitarstjóri

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2021-2022

Inngangur.....	2
1-Starfstíminn	2
2-Hljóðfærakennslan.....	2
3-Hljómsveitarstarfið	4
4-Nemendur og inntaka nemenda	6
5-Kennarar.....	8
6-Aðstaða.....	9
7-Ný heimasíða skólahljómsveita	11
8-Áherslur í starfinu 2021-2022	12
9-Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.....	12
9-Starfræn vegferð Reykjavíkurborgar	13
10-Bjart framundan þegar sér fyrir endan á C19	13
11-Skóladagatal fyrir komandi starfsár	14

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2021-2022

Inngangur

Skrifstofa Skóla og frístundaráðs Rvk. óskar eftir starfsáætlunum skólahljómsveita í Rvk. fyrir 2021-2022.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera þróun starfsins markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á næsta starfsári.

1-Starfstíminn

Skóladagatal

Skólahljómsveit Grafarvogs vinnur eftir skóladagatali sem er eitt af grunnverkfærunum í starfi vetrarins. Kennarar vinna 175 daga með nemendum, þ.e. 35 vikur til viðbótar við 3 starfsdaga fyrir kennslu og fjóra eftir kennslu. Einn starfsdagur á kennslutíma (öskudagur). Ráðstöfunardagar eru fjórir (þ.e. þegar nemendadagur er tekinn aftan af skólaárinu og bætt inn á helgi eða eftir kennsludaginn á miðju skólaárinu; vor&jóla&haust- tónleikar hljómsveita auk Uppskeruhátíðar skólahljómsveita í Rvk.



Skóladagatal 2021-2022 er í viðhengi í lok áætlunarinnar.

2-Hljóðfærakennslan

Námskrá

Kennt er eftir aðalnámskrá tónlistarskóla og próf tekin eftir áfangakerfi hennar. Áfangaprófin eru grunnpróf og miðpróf auk framhaldsprófs sem ekki eru tekin af svo ungum nemendum eins og í skólahljómsveitum. Utanaðkomandi prófdómarar koma og dæma þau próf.

Því til viðbótar eru vorpróf, svo árspróf 1-5. Þau próf eru tekin þegar nemandi er tilbúin í þau. Þau hjálpa til við að ákveða framgang milli hljómsveit svo nemendur séu sem mest að leika í hljómsveit meðal jafningja. Árspróf eru "innanhuspróf", þ.e. dómarar eru kennarar hjá Skólahljómsveit Grafarvogs. Skólahljómsveitin hefur fyrirfram skilgreind námsmarkið

(<https://hljomsveitir.viska.dev/namsmarkid-skolahljomsveita-hljodfaerin/>) fyrir þessi próf, þ.e. hvaða tónstigar, hver mörg og erfið lög og þess háttar í sérstakri skrá.

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2021-2022

Hljóðfærakennslan-tímaleng og tíðni

Í Skólahljómsveit Grafarvogs er hefð fyrir því að kennt sé hljóðfæratíma tvisvar í viku þegar því er við komið. Að jafnaði hafa 1.ársnemar fengið 20 mínútna kennslu tvisvar í viku. 2.ársnemar hafa fengið 25 mínútna kennslu tvisvar í viku og 3.ársnemar og lengra komnir hafa fengið 30 mínútna kennslu tvisvar í viku. Undantekning frá þessu er slagverkskennslan sem hefur ekki farið í minna en 25 mín tvisvar í viku vegna umfangs námsins með trommuleik og ásláttarhljóðfæri að auki. Sama er með fagottkennsluna sem hefur alltaf fengið 60 mín á viku.

Reynt er að bjóða upp á kennslu á tíma grunnskólans, til að frá nemendur óþreytta og komast hjá skutli foreldra á eftirmiðdögunum og árekstrum við annað frístundastarf. Þetta þarf þó að vera í fullri sátt skólans og forráðamanna auk þess sem grunnskólinn þarf að útvega hentugt rými fyrir kennsluna.



Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2021-2022

3-Hljómsveitarstarfið

Hljómsveitacæfingar

Hljómsveitirnar æfa tvisvar í viku að jafnaði.

A1 sveit 1 æfir miðvikudaga kl.1730-1815, þ.e.45 mín. á viku. Hefst í janúar 2022.

A2 sveit æfir á mánudögum og miðvikudögum kl 1630-1715, þ.e. 45x2=90mín á viku.

B sveit æfir þriðjudaga og fimmtudaga kl 1600-1715, þ.e 75 mín. x2= alls 150 mínútur á viku.

C sveit æfir þriðjudaga og fimmtudaga kl 1715-1845, þ.e. 90 mín. x2=allt 180 mínútur á viku.

Tilfærsla milli hljómsveita

Asveit- Miðað er við að nýjir nemendur byrji í hljómsveit hálfu ári eftir upphaf námsins að hausti og þau renni þá inn í hljómsveit sem heitir A sveit (eða A1 sveit ef tvær A sveitir eru starfræktar). Flestir í A sveit er í 3.-6. bekk eða þangað til þau hafa tekið 2.árspróf og er þeim þá boðið að taka sæti í B sveit haustið eftir.

B sveit- Miðað er við að nemendur í B sveit séu í 6.-8. bekk og hafi lokið 2.árprófi.

Csveit- Miðað er við að nemendur í C sveit séu krakkar í 8.bekk og uppúr sem lokið hafa grunnprófi (eða 4.ársprófi). Hljómsveitarstjóri getur gert undantekningar á þessu ef þurfa þykir.

Æfingaferðir/æfingahelgar

Æfingahelgar eru haldnar á hverri önn að jafnaði. Æfingaferðir eru að jafnaði á vorönninni þó það komi fyrir að þær séu að auki farnar að hausti.

Boðun í spilamennskur

Miðað er við að fyrirvari um boðun í spilamennskur sé að lágmarki tvær vikur í hljómsveitum Skólahljómsveitar Grafarvogs. Reiknar hljómsveitin með að allir mæti í allar spilamennskur sem boðað er til á þennan hátt.

Áherslur í hljómsveitastarfinu 2021-2022

Áherslur í starfinu undanfarin ár voru að halda áfram uppbyggingu á samstarfi og sýnileika í nærsamfélagi og grunnskóla, þ.e. með fjölda heimsókana hljómsveitanna og að bjóða framkrafta hljómsveitanna við öll tækifæri. Leiðir að þessu markmiði liggja að hluta í frumkvæði og skipulagnungu að fara á leikskóla, elliheimili og hátíðir grunnskólanna. Þessi markmið fóru fyrir lítið vegna heimsfaraldurs C19 sem setti alla þessa vinnu í uppnám. Auk þess hefur hljómsveitin farið á reglubundinn hátt í hljómsveitakynningar í grunnskóla hverfinsins þar sem hljómsveitin leikur og hljóðfærin eru kynnt og því fylgt eftir með bréfi í tösku barnanna með atriðum um starfið eins og námngjöld, hvar kennt er, hljóðfæraleikga og fleira.

Þennan veturinn stóð einnig til að festa í sessi Menningarhúsið Spönginni sem tónleikastað fyrir smærri tónleika (tónfundir). Þó vantar aðfínanlega pianó í menningarhúsið til að standa undir nafni.

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2021-2022

Nemendur koma fram sem "einleikarar" á þessum tónfundum og er viðmiðið að þau koma ca einu sinni á önn þannig fram auk hljómsveita tónleika og viðburða.

Hljómsveitin hefur í auknum mæli teygst sig út í nærsamfélagið og boðist til að koma með hljómsveit, t.d. í Spöng, Árbæjarsafn, á jólafund Korpúlfa og fleira. Einnig skipar hljómsveitin fastan sess á 13danum í Gufunesi, sumardegnum fyrsta, Grafarvogsdeginum og fleiri hátíðum, auk vorhátíða skóla og þess háttar.

Lykillinn að því að hægt sé auka tíðni á spilamennsku sveitanna er að dreifa álagi á fleiri en einn hljómsveitarstjóra. Þetta er gert með því að ráða fleiri hljómsveitarstjóra þannig að hinar ýmsu mismunandi hljómsveitir SHG geti leikið samtímis á stórhátíðum og dreift álagi á starfsfólk.



4-Nemendur og inntaka nemenda

Nemendafjöldi


Nemendaheimildir var um 130 nemendur, þ.e. um 130 tímar á viku í hljóðfærakennsluna, auk 11 tíma í hljómsveitirnar.

Þessir nemendur koma úr grunnskólum hverfinsins auk tveggja Waldorfsskóla, Tjarnarskóla og annarra grunnskóla Rvk. Stundum flytja nemendur úr hverfinu en halda oft áfram í skólahljómsveitinni.

Af þessum nemendum eru um 10 þeirra nemendur úr framhaldsskólum.




Skipting nemenda milli mismunandi hljóðfæra



Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2021-2022

Skipting nemenda eftir póstnúmerum



Fjöldi umsækjenda og biðlisti


Fjöldi umsækjenda fyrir 2021-2022 var 1.júni um 150. 100 af þeim voru nemendur sem endurnýjuðu umsóknina og ganga því fyrir um plássin. 50 eru því nýjar umsóknir. Val á nemendum er flókið og þarfnast yfirlegu. Fyrst þarf að huga að þörf hljómsveitarinnar fyrir tiltekin hljóðfæri en þau þurfa að vera í góðu jafnvægi til að hljómsveitin virki. Þeir sem sækja á þau hljóðfæri sem á vantar ganga því fyrir. Síðan eru 4. bekkingar í forgangi og svo 5.bekkingar. Því næst 3.bekkingar, 6.bekkingar og þar fram eftir götunum. Við þurfum að eiga hljóðfæri og hafa kennara til að sinna þessu sem treystir sé í að kenna á tiltekið hljóðfæri.

Á biðlista voru því tæplega 20 krakkar í haust en það voru þá krakkar úr 1.-3ja bekk. Tekið er inn af biðlistanum um leið og það losnar ef það er hægt. Það er ekki hægt að taka inn á t.d. flautu í Sæmundarskóla ef trompet nemandi hættir í Kelduskóla. Það hefur með staðsetningu kennara, akstur og þess háttar. Þetta er mikið púsluspil eins og fyrr er nefnt.

Kynjahlutföll og uppruni nemenda

Kynjahlutföll í Skólahljómsveit Grafarvog miðað við núverandi nemendalista u.þ.b 38% drengir, 61% stúlkur (sem er svipað hlutfall og í fyrra) og 2% hinsegin nemenda.

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2021-2022



Fjöldi barna af erlendum uppruna

Fjöldi barna af erlendum uppruna er á að giska 5-6% (með annað eða báða foreldra fædda erlendis).

Kynning fyrir minnihlutahópum

Í athugun er að kynna starfið sérstaklega fyrir minnihlutahópum í gegnum „targeted“ auglýsingar t.d. á Facebook, þar sem hægt er að fá auglýsingar birtar þeim sem eru á ákveðnum aldri, kyni, nota ákveðið tungumál og búa á ákveðnum stöðum. Með því væri t.d. hægt að auglýsa umsóknir fyrir pólkar mæður sem ættu börn á umsóknaraldri í ákveðnum pósthúnum.

5-Kennarar

Kennarar hafa verið um 12-14 í gegnum árin í mismunandi stöðuhlutföllum. Á fjárhagsárinu 2021 voru þó þrír langtímaeikir sem hafði mikil áhrif á starfið og voru ráðnir afleysingakennarar utanaðkomandi fyrir tvo þeirra en starfi eins dreyft á þrjá sem voru í starfi hjá SHG.

Starfþróunaráætlun hljómsveitarinnar og upplýsingar um starfsmannamál.

Skipulögð námskeið til starfsþróunar starfsmanna í skólahljómsveitum eru í lágmarki. Að hausti er einn starfsdagur sameiginlegur sem nýttur er í námskeiðshald og svo einn á öskudegi. Öllum starfsmönnum er boðið í starfsþróunarviðtal. Veturinn sem leið voru 12 starfsmenn, í samtals 7.13 stöðugildi, þar sem, 77% staða í skrifstofustjórn og 23% staða í stjórnun, 45% staða fór í aðra hljómsveitarstjórn og 5.68% stöðugildi í hljóðfærakennslu.

Vel hefur tekist að byggja upp góðan vinnuanda í skólahljómsveitum borgarinnar, t.d. með námsferð sem farið var í til Ungverjalands vorið 2018 (styrkt af endurmenntunarsjóðum stéttafélaganna), óvissuferðir við skólaslit, jólafagnað og sameiginlegar veislur þegar tilefni er til.

6-Aðstaða

Þörf fyrir mótun húsnaðistefnu Rvk. fyrir skólahljómsveitir

Nauðsynlegt er að mótuð verði stefna um húsnaðismál skólahljómsveitanna. Nauðsynlegt er að skólahljómsveitir fái úthlutað föstu rými í þeim grunnskólum sem þær þjóna, þannig að þær gangi að rými vísu og fyrirsjáanleiki verði í starfinu, bæði fyrir nemendur þess skóla og svo mönnunarlega. Reynslan hefur sýnt að úr þeim skólum þar sem aðstaðan er góð endast nemendur lengur í námi og meira út úr því.

Of mikil orka fer að hausti í að „skaffa“ skólahljómsveitinni rými til kennslu. Því til viðbótar hafa orðið miklir árekstrar við utanaðkomandi tónlistarskóla sem virðast „eiga“ rými í grunnskólunum og ekki hefur komið nægjanlega skýrt frá SFS að skólahljómsveitir eigi að njóta forgangs.

Hljóðvist

Gera þarf úttekt á hljóðvist í rýmum sem skólahljómsveitin notar. Á þetta sérstaklega mikið við um rými sem notuð eru fyrir trommukennslu og hljómsveitacæfingar. Vonbrigði er að í heildarúttekt á húsnaðis grunnskólanna 2020 hafi ekki verið rætt við notendur rýma sem skólahljómsveitin hefur eða gerðar hljóðmælingar þegar rýmin voru í notkun. Það er í raun óskiljanlegt og ætti að kalla á skoðun umsvifalaust.

Sjá umrædda könnun hér https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/14_astandsuttekktir_a_husnaedi_leikskola_grunnskola_og_fristundar_bref_og_uttekktir_0.pdf

Ný rými í Húsaskóla og betrubætur á hljóðvist

Haustið 2019 fékk hljómsveitastarf Skólahljómsveitar Grafarvogs nýjan „sal“ þegar veggur var tekinn niður milli stofu 42 og 43 í Húsaskóla og pallar keyptir auk veglegra nótnastatífa. Er þetta grunnurinn að „standandi aðstöðu“ hljómsveitanna þar sem ekki þarf að pakka upp og niður öllum stólum, statífum, trommum og öðru milli æfinga.


Tvær minni stofur og salerni fyrir almenning

Um áramót 2020-2021 voru svo settir veggir í stofu 46 í Húsaskóla sem skiptu stórrí bakkjarstofu í tvær minni hljóðfærakennslustofur (46a og 46b) auk þess sem úr varð almennings salerni fyrir nemendur í biðrými hljómsveitarinnar. Þetta var sérstaklega kærkomin viðbót þegar heimsfaraldur geysaði að geta haft nemendasalerni sér og kennara salerni sér.

Hljóðvistarflekarnir á veggjum trommstofunnar

Á vordögum 2021 var svo fjárfest í flekum sem settir voru upp í trommukennslurými í Húsaskóla til að takmarka enduróm á hljóði. Vel mætti hugsa sér að fjárfesta í fleiri flekum í annað af nýju rýmum, þ.e. stofu 46b sem er smá og þröng.

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2021-2022



7-Ný heimasíða skólahljómsveita

Vinna hófst við nýja heimasíðu skólahljómsveita sumarið 2020 hjá sumarstarfsmanni hjá SFS í samstarfi við deildarstjóra listfræðslu. Síðan var unnin í World Press. Haustið 2020 tóku skólahljómsveitir verkefnið yfir og er síðan í þróun en er þó birt, sjá hér

<https://skolahljomsveitir.is/skolahljomsveitir/>

Myndskreytingar á nýrri heimasíðu fjármögnuð úr þróunarsjóði

Utanaðkomandi listamaður var fengin til að búa til teikningar til að hafa á nýrri heimasíðu skólahljómsveitanna þar sem ekki er verjandi að nota myndir af nemendum af persónuverndarsjónarmiðum. Myndlistamaðurinn var Sólfrún Ylfa Ingimarsdóttir en hún teiknaði mynd af öllum hljóðfærunum sem kennt er á auk 6 hópmynda úr starfinu t.d. af nemendum í upptöku, í rútu á tónleikum og þess háttar. Var þessi vinna fjármögnuð úr A hluta þróunarsjóðs.



Námsmarkmið á nýrri heimasíðu fjármögnuð úr þróunarsjóði

Skólahljómsveitir í Rvk. sóttu fé í A hluta **þróunarsjóðs SFS** til að vinna að sameiginlegum námsmarkmiðum í hljóðfæranáminu. Markmiðið var að sömu kröfur væru gerðar til barna á sömu hljóðfæri hjá mismunandi kennurum eða í mismunandi skólahljómsveitum. Einnig að sömu kröfur væru gerðar til nemenda á mismunandi hljóðfæri innan sveit og milli sveita. Námsmarkmiðin tilgreina hvaða tónstigar, hljómar og þess háttar væru sameiginlegar kröfur til nemenda fyrstu fjögur árin, þ.e. að grunnprófi prófanefndarinnar.

Unnu kennarar allra skólahljómveitanna fjögurra þessa vinnu í sameiginu til að samræma. Í framhaldinu var ráðinn utanaðkomandi aðili til að setja þessu námsmarkmið skýrt og skiljanlega upp á nýja heimasíðu hljómsveitna, sjá hér <https://skolahljomsveitir.is/namsmarkid-skolahljomsveita-hljodfaerin/>. Myndbönd af tónstigum voru gerð til að gera efnið aðgengilegt og hagnýtt.

8-Áherslur í starfinu 2021-2022

Þróunarverkefni um námsefni fyrir yngstu sveitirnar þarf að klára og gefa út formlega.

Starfsskrá skólahljómsveita þarf að klára og fá samþykkt í Skóla-og frístundaráði.

Aukin stjórnun

Heimildir til aukinnar stjórnunar fengust haustið 2021 og er það mikið framfaraskref í starfi skólahljómsveita. Veturinn verður notaður til að prófa hvernig þeim fjármunum er best varið og ráðningar endurskoðaðar fyrir næsta vetur.

Vera til staðar eftir þörfum

Áhersla verður áfram á að tilboð skólahljómsveitarinnar sé öllum í boði með því að vera ódýrt tilboð sem er vel kynnt og allir boðnir velkomnir og öllum geti liðið vel. Hlutverk skólahljómsveitarinnar er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tónlistamenntun í samvinnu við grunnskóla og frístundastarf, fjölskyldur og nærsamfélag.

Skólahljómsveit Grafarvogs vill vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi, þ.e. sýnileg, nýungagjörn stofnun sem laðar að sér góðan starfskraft með starfsþróunarmöguleikum og endurmenntun.

Skólahljómsveit Grafarvogs mun kappkosta að vera sýnileg í hverfinu með heimsóknum í skólana. Stefnt er að auki að heimsókn í myndver og taka upp nokkur lög með hverri hljómsveit.

9-Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.

Í skólahljómsveit Grafarvogs er starfandi stjórn foreldrafélags.

Árný Guðmundsdóttir, formaður, Anna Kapítóla Engilbertsdóttir

Auður Sigurðardóttir, Svava Guðrún Sigurðardóttir, Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir þegar þörf krefur, t.d. fyrir alla nýja foreldra að haust, foreldrar ferðalanga fyrir æfingaferðir o.fl.

Foreldraviðtöl

Viðtöl foreldra við kennara er á auglýstum dagsetningum (sjá dagatal).



9-Starfræn vegferð Reykjavíkurborgar

Fyrirliggjandi er að skoða þarf stafræn skráningarkerfi borgarinnar og verður vonandi tekið tillit til skólahljómsveitanna í því ferli því þær þurfa sérhæfðan búnað sem heldur utan um nemendur, hljóðfæraleigu, stundatöflur, stofufyllit, próf, einkunnir og fleira þessu tengt.

10-Bjart framundan þegar sér fyrir endan á C19

Heimsfaraldur C19 varð til þess að tveggja ára hlé varð á hljómleikdahaldi hjá SHG. Það er erfitt að sinna kynningarstarfi fyrir tónlistarstarf þegar þannig árar.

Vonandi sér fyrir endann á þessu ástandi og er því margt í starfinu sem hægt er að gleðjast yfir og hlakka til vorið nálgast með sínum tækirfærum til tónleikahalds og kynningum.

Staf skólahljómsveita er einstakt gæðastarf sem borgin má vera reglulega stolt af, sem birtist í starfsánægju kennara, lágum veikindafjarvistum kennara og mjög mikilli ánægju með starfið sem birtist í foreldrakönnunum.

Grafarvogur 30.janúar 2022

EINAR JÓNSSON, STJÓRNANDI



11-Skóladagatal fyrir komandi starfsár

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2021 - 2022

Skólahljómsveit Grafarvogs

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 P	1 P	1 F	1 S
2 M	2 F	2 L	2 P	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M
3 P	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 P
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 P	4 F	4 F	4 M	4 M
5 F	5 S	5 P	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 P	5 F
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F
7 L	7 P	7 F	7 S	7 P	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 P	8 P	8 F	8 S
9 M	9 F	9 L	9 P	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M
10 P	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 P
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 P	11 F	11 F	11 M	11 M
12 F	12 S	12 P	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 P	12 F
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F
14 L	14 P	14 F	14 S	14 P	14 M	14 M	14 M	14 F	14 L
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 P	15 P	15 F	15 S
16 M	16 F	16 L	16 P	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M
17 P	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 P
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 P	18 F	18 F	18 M	18 M
19 F	19 S	19 P	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 P	19 F
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F
21 L	21 P	21 F	21 S	21 P	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 P	22 P	22 F	22 S
23 M	23 F	23 L	23 P	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M
24 P	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 P
25 M	25 L	25 M	25 F	25 F	25 P	25 F	25 F	25 M	25 M
26 F	26 S	26 P	26 F	26 F	26 M	26 L	26 L	26 P	26 F
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F
28 L	28 P	28 F	28 S	28 P	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 P	29 P	29 F	29 S
30 M	30 F	30 L	30 P	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M
31 P	31 S	31 M	31 F	31 M	31 M	31 F	31 F	31 P	31 P

Samkvæmt klárasmíngi sveitarfélaga við KÍ/Fhskulu skóladagar nemenda vera 175 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir breyttir dagar eru 4 en þar eru kennarar með nemendum í öðru en hefðbundinni kennslu. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.